

Kr 1974, þriðjudaginn 3. desember, var í málinu nr. 6/1974 kveðinn upp af Yfirfasteignamatssnefnd svohljóðandi

Á R S K U R Æ U R :

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 29. ágúst 1974, var komið á framfæri við Yfirfasteignamatssnefnd beiðni um endurskoðun á fasteignamati tilgreindrar byggingar að Skúmsstaða IV á Eyrbakka, matshluta 03, fasteignar 9998 - 6690. Um er að ræða gömul gripahús, sem nú eru notuð sem geymsla og voru tekin í fasteignamat með mati millimatsmanna á árinu 1973. Var matsverð þessara mannvirkja þá ákveðið kr. 77.000,-. Í fasteignaskrá hefur byggingarúr verið talið 1972, en það er rangt og munu gripahús þessi hafa verið reist um 1940.

Eigandi ofangreindrar fasteignar telur mat umræddra mannvirkja vera of hátt. Að tilhlutan Yfirfasteignamatssnefndar hefur farið fram athugun á ásíðkomulagi húsans og öðrum atriðum, sem máli skipta. Á þeim grundvelli telst fasteignamatssverð fyrrgreinds matshluta hæfilega ákveðið kr. 33.000,-.

Ú R S K U R Æ D A R Ö N ð :

Fasteignamatssverð matshluta 03, fasteignar nr. 9998 - 6690, Skúmsstaða IV á Eyrbakka, ákveðst kr. 33.000,-.

Gaukur Jörundsson

Torfi Ásgeirsson

Pálmi Jónsson